

Vopnafjarðarhreppur

Ársreikningur 2021

Vopnafjarðarhreppur
Hamrahlíð 15
690 Vopnafjörður

Kt. 710269-5596

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun sveitarstjóra og sveitarstjórnar	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymisyfirlit	9
Skýringar	10

Skýrsla og áritun sveitarstjóra og sveitarstjórnar

Ársreikningur Vopnafjarðarhrepps er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlánir og ársreikninga sveitarfélaga.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 1.328 millj. kr. samkvæmt ársreikningi fyrir A og B hluta, en þar af námu rekstrartekjur A hluta 890 millj. kr.

Álagningarhlutfall útsvars var 14,52% sem er lögbundið hámark. Álagningarhlutfall fasteignaskatts í A-flokki var 0,55% sem er lögbundið hámark án álags, í B-flokki nam álagningarhlutfallið 1,32% sem er lögbundið hlutfall og í C-flokki var álagningarhlutfallið 1,65% en lögbundið hámark með álagi. Sveitarstjórn hefur heimild til að hækka álagningu A og C flokka um allt að 25%.

Rekstrarniðurstaða A og B hluta var neikvæð um 32 millj. kr., og rekstrarniðurstaða A hluta var neikvæð um 115 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok 2021 nam 887 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi fyrir A og B hluta, en eigið fé A hluta 153 millj. kr.

Covid-19 heimsfaraldurinn sem nú geisar hefur almennt haft áhrif á mörgum sviðum þar með talin efnahagsleg. Fjárhagsleg áhrif á sveitarfélagið á árinu voru ekki veruleg en komu helst fram í breytingu á tilhögun á veitingu þjónustu s.s. skólastarfi og auknum forföllum starfsmanna.

Ársreikningur Vopnafjarðarhrepps fyrir árið 2021 er tilbúin til endurskoðunar og afgreiðslu í sveitarstjórn.

Vopnafirði, 27. apríl 2022

Sveitarstjóri:

Sora Elísabet Svansdóttir

Byggðaráð:

Íris Grímsdóttir
Sigríður Bragadóttir
Þjón H. Sig. 07.

Ársreikningur Vopnafjarðarhrepps fyrir árið 2021 hefur hlotið afgreiðslu sveitarstjórnar í samræmi við samræmi við 61. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og er staðfestur og áritaður við síðari umræðu í sveitarstjórn.

Vopnafirði, 12. maí 2022

Sveitarstjórn:

Íris Grímsdóttir
Sigríður Bragadóttir
Þjón H. Sig. 07.
Bergur Jónsson
Gaudur Adahlýg
Teitur Helgason
H. H.

Áritun óháðs endurskoðanda

Til sveitarstjórnar Vopnafjarðarhrepps.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Vopnafjarðarhrepps fyrir árið 2021, sem hefur að geyma samstæðureikning fyrir sveitarfélagið, þ.e. sveitarsjóð, stofnanir þess og fyrirtæki með sjálfstætt reikningshald. Hann greinist í rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu sveitarfélagsins 31. desember 2021 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2021, í samræmi við lög um ársreikninga og sveitarstjórnarlög.

Grundvöllur álits

Við endurskoðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins í árituninni. Við erum óháð sveitarfélaginu í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð sveitarstjórnar og sveitarstjóra á ársreikningnum

Sveitarstjórn og sveitarstjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og sveitarstjórnarlög og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber sveitarstjórn og sveitarstjóra að leggja mat á rekstrarhæfi sveitarfélagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi nema það sé ekki lengur til staðar.

Sveitarstjórn og sveitarstjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits sveitarfélagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun sveitarstjórnar og sveitarstjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um áframhaldandi rekstrarhæfi sveitarfélagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni haft neikvæð áhrif á rekstrarhæfi sveitarfélagsins.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.
- Öflum við nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna varðandi fjárhagslegar upplýsingar rekstrareininga sem falla undir starfsemi sveitarfélagsins til að geta gefið álit á ársreikningnum. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, eftirliti og framkvæmd endurskoðunar sveitarfélagsins og berum óskipta ábyrgð á áritun okkar.


Við upplýsum sveitarstjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu sveitarstjóra og sveitarstjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Egilsstöðum, 12. maí 2022

KPMG ehf.



Rekstrarreikningur árið 2021

Skýr.	A hluti			A og B hluti			
	Ársreikningur 2021	Áætlun 2021 með viðaukum	Ársreikningur 2020	Ársreikningur 2021	Áætlun 2021 með viðaukum	Ársreikningur 2020	
Rekstrartekjur							
Útsvar og fasteignaskattur	4	492.164	439.224	450.710	490.203	436.829	449.280
Framlög Jöfnunarsjóðs	4	228.560	201.195	243.660	228.560	201.195	243.660
Aðrar tekjur	4	169.683	163.608	128.943	609.432	536.621	489.911
		<u>890.408</u>	<u>804.027</u>	<u>823.313</u>	<u>1.328.195</u>	<u>1.174.646</u>	<u>1.182.851</u>
Rekstrargjöld							
Laun og launatengd gjöld	5	593.786	529.157	527.344	820.760	732.970	733.356
Lífeyrisskuldbinding, hækkun		9.368	3.194	6.575	9.368	3.194	6.575
Annar rekstrarkostnaður		352.969	309.229	445.153	422.162	398.168	430.682
		<u>956.124</u>	<u>841.579</u>	<u>979.073</u>	<u>1.252.290</u>	<u>1.134.332</u>	<u>1.170.614</u>
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir		(65.716)	(37.552)	(155.759)	75.905	40.314	12.237
Afskriftir	8	(39.497)	(41.921)	(36.797)	(61.071)	(63.366)	(55.194)
Rekstrarniðurstaða án fjármuna- tekna og fjármagnsgjalda		(105.214)	(79.473)	(192.556)	14.834	(23.052)	(42.958)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	6	(9.376)	(6.096)	(4.773)	(45.933)	(36.848)	(32.611)
Hlutdeild í hlutdeildarfélögum	9	0	0	0	(1.185)	0	8.679
Rekstrarniðurstaða (neikvæð)	13	(114.590)	(85.568)	(197.329)	(32.283)	(59.900)	(66.889)

Efnahagsreikningur

		Eignir				
		A hluti		A og B hluti		
Skýr.		2021	2020	2021	2020	
Fastafjármunir						
Varanlegir rekstrarfjármunir:						
	Fasteignir og lóðir	8	883.852	836.704	1.129.316	1.080.159
	Veitur, hafnir og gatnakerfi	8	131.978	141.119	475.396	485.469
	Áhöld og tæki	8	32.728	18.447	34.034	20.104
			<u>1.048.559</u>	<u>996.270</u>	<u>1.638.745</u>	<u>1.585.732</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:						
	Stofnframlög og eignarhlutir í félögum	9	70.739	70.739	78.233	79.418
	Fyrirframgreiddur kostnaður	11	13.311	13.889	13.311	13.889
	Langtímakröfur á eigin fyrirtæki	10	60.766	62.588	0	0
			<u>144.816</u>	<u>147.216</u>	<u>91.544</u>	<u>93.307</u>
	Fastafjármunir		<u>1.193.374</u>	<u>1.143.486</u>	<u>1.730.289</u>	<u>1.679.038</u>
Veltufjármunir						
	Birgðir		1.187	481	4.194	4.816
Skammtímakröfur:						
	Óinnheimtar tekjur	12	58.883	56.102	79.432	67.236
	Næsta árs afborganir eigin fyrirtæki	10	4.854	4.434	0	0
	Skammtímakröfur á eigin fyrirtæki		27.361	11.743	0	0
	Fyrirframgreiddur kostnaður	12	578	578	578	578
	Aðrar skammtímakröfur	12	11.041	11.144	11.091	11.193
	Handbært fé	3k	102.547	26.696	102.556	26.705
	Veltufjármunir		<u>206.452</u>	<u>111.179</u>	<u>197.851</u>	<u>110.529</u>
	Eignir samtals		<u>1.399.826</u>	<u>1.254.665</u>	<u>1.928.140</u>	<u>1.789.567</u>

31. desember 2021

Eigið fé og skuldir

	Skýr.	A hluti		A og B hluti	
		2021	2020	2021	2020
Eigið fé					
Eiginfjárreikningur	13	153.213	239.280	887.477	891.238
Skuldbindingar					
Lífeyrisskuldbinding	14	73.471	68.045	73.471	68.045
Aðrar skuldbindingar	15	17.811	24.760	55.224	43.467
		91.281	92.805	128.695	111.512
Langtímaskuldir					
Skuldir við lánastofnanir	16	333.193	208.604	717.719	596.953
		333.193	208.604	717.719	596.953
Skammtímaskuldir					
Skuldir við eigin fyrirtæki		669.853	557.240	0	0
Næsta árs afborganir langtímaskulda	16	24.897	27.844	54.342	54.822
Aðrar skammtímaskuldir		127.390	128.891	139.908	135.042
		822.140	713.976	194.250	189.864
Skuldir og skuldbindingar samtals		1.246.613	1.015.385	1.040.663	898.329
Eigið fé og skuldir samtals		1.399.826	1.254.665	1.928.140	1.789.567

Ábyrgðir og skuldbindingar utan efnahags 19

Sjóðstreymisýfirlit ársins 2021

	Skýr.	A hluti			A og B hluti		
		Ársreikningur 2021	Áætlun 2021 með viðaukum	Ársreikningur 2020	Ársreikningur 2021	Áætlun 2021 með viðaukum	Ársreikningur 2020
Rekstrarhreyfingar							
Rekstrarniðurstaða (neikvæð)	13	(114.590)	(85.568)	(197.329)	(32.283)	(59.900)	(66.889)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:							
Afskriftir	8	39.497	41.921	36.797	61.071	63.366	55.194
Verðbætur		11.703	5.925	5.398	31.928	18.447	17.639
Breyting á lífeyrisskuldbindingu	13	9.368	0	6.575	9.368	0	6.575
(Hagnaður) tap af sölu rekstrarfjármuna		(359)	0	44.600	(23.770)	(23.219)	44.600
Áhrif hlutdeildarfélagas		0	0	0	1.185	0	(8.679)
Veltufé (til) frá rekstri		(54.380)	(37.723)	(103.958)	47.499	(1.306)	48.441
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:							
Fyrirframgreiddur kostnaður, breyting	11	578	603	578	578	603	578
Birgðir, breyting		(706)	0	185	622	0	(303)
Óinnheimtar tekjur, breyting		(2.781)	0	(9.468)	(12.196)	0	(15.910)
Aðrar skammtímakröfur, breyting		103	0	1.598	103	0	1.598
Skammtímaskuldir, breyting		(1.502)	0	38.561	4.867	0	39.012
Greiðslur vegna lífeyrisskuldbindingar	13	(3.943)	0	(3.371)	(3.943)	0	(3.371)
		(8.251)	603	28.083	(9.970)	603	21.604
Handbært fé (til) frá rekstri		(62.631)	(37.120)	(75.875)	37.530	(703)	70.045
Fjárfestingarhreyfingar							
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	8	(63.405)	(76.380)	(94.302)	(92.293)	(119.730)	(265.231)
Söluverð rekstrarfjármuna		500	0	12.300	30.500	30.000	12.300
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki, breyting		4.649	4.471	4.248	0	0	0
Fjárfestingarhreyfingar		(58.255)	(71.909)	(77.755)	(61.793)	(89.730)	(252.931)
Fjármögnunarhreyfingar							
Skuldir við lánastofnanir, breyting		0	0	(23.290)	0	0	23.290
Viðskiptastaða eigin fyrirtækja, breyting		96.995	(23.189)	126.087	0	0	0
Tekin ný langtímalán		140.000	140.000	58.000	280.000	140.000	227.744
Afborganir langtímalána		(33.308)	(24.961)	(14.585)	(191.643)	(66.744)	(47.691)
Aðrar skuldbindingar, breyting		(6.950)	0	2.615	11.757	0	21.321
Fjármögnunarhreyfingar		196.737	91.851	148.827	100.114	73.257	178.084
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		75.851	(17.178)	(4.803)	75.851	(17.176)	(4.803)
Handbært fé í ársbyrjun		26.696	79.809	31.499	26.705	79.818	31.508
Handbært fé í árslok		102.547	62.631	26.696	102.556	62.642	26.705

Skýringar

1. Upplýsingar um sveitarfélagið

Vopnafjarðarhreppur er sveitarfélag á Austurlandi og var fjöldi íbúa þess 668 þann 1. desember 2021. Skrifstofa sveitarfélagsins er að Hamrahlíð 15 á Vopnafirði.

Mælt er fyrir um grundvallarþætti stjórnáætlunar og starfsemi sveitarfélaga í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Samstæðuársreikningur Vopnafjarðarhrepps fyrir árið 2021 hefur að geyma ársreikning fyrir þær rekstrareiningar sem falla undir A og B hluta starfsemi sveitarfélagsins, sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011.

Til samræmis við reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga nr. 1212/2015 er settur fram rekstrarreikningur, efnahagsreikningur, sjóðstreymisfirlit og viðeigandi skýringar fyrir A hluta sveitarfélagsins.

Til A hluta telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögguð með skatttekjum. Hér er um að ræða Aðalsjóð, en auk hans Eignasjóð og Þjónustumiðstöð. Til B hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins, en rekstur þessara fyrirtækja er fjármagnaður með þjónustutekjum. Fyrirtæki sem falla undir B hluta starfsemi sveitarfélagsins eru Hafnarsjóður, Vatnsveita, Fráveita, Félagslegar íbúðir, Leiguíbúðir aldraðra, Lyfsala, Sundabúð og Arnarvatn ehf.

Ársreikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsreglu og í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga nr. 3/2006 og reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga nr. 1212/2015. Ársreikningurinn byggir í meginatriðum á sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Stöður í efnahagsreikningi milli rekstrareininga og viðskipti milli þeirra eru felld út í ársreikningnum. Af viðskiptum milli rekstrareininga sveitarfélagsins má nefna álagða fasteignaskatta, húsaleigu Eignasjóðs og önnur innbyrðis viðskipti vegna kaupa á vöru og þjónustu.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem settar eru fram hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á öllum þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum nema annað sé tekið fram.

a. Innlausn tekna

Skatttekjur eru færðar til tekna við álagningu þeirra en til lækkunar er færð reiknuð niðurfærsla vegna óinnheimtra skatttekna. Til skatttekna heyra útsvar, fasteignaskattur og framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, auk annarra tekna sem hafa ígildi skatta, svo sem lóðarleiga.

Tekjur af sölu þjónustu og vöru eru færðar þegar afhending hefur farið fram og kröfuréttur myndast.

Áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við höfuðstól og skilmála vaxtaberandi krafna. Arðstekjur eru færðar til tekna þegar réttur til þeirra hefur myndast.

Hagnaður eða tap af sölu varanlegra rekstrarfjármuna er reiknað sem mismunur söluverðs og bókfærðs verðs og er hann færður í rekstrarreikning meðal rekstrartekna eða -gjalda, eftir því sem við á.

b. Færsla gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

c. Verðlags- og gengisviðmið

Eignir og skuldir, sem bundnar eru verðlagsvísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag eða gengi í árslok. Verðlagsbreytingar og gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

Skýringar, frh.:

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

d. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir aðrir en lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru færðir til eignar í efnahagsreikningi á kostnaðarverði að frádrögnum afskriftum. Kostnaðarverð samanstendur af beinum kostnaði sem fellur til við öflun rekstrarfjármuna. Frá kostnaðarverði dragast frá álögð gatnagerðargjöld og önnur framlög vegna

Leigðar eignir eru fasteignir og önnur mannvirki sem sveitarfélagið leigir til sín samkvæmt leigusamningum sem eru að lágmarki til þriggja ára og ekki uppsegjanlegir af hálfu sveitarfélagsins innan árs frá upphafsdegi leigusamnings.

Kostnaðarverð leigðra eigna telst vera gangverð hinnar leigðu eignar á samningsdegi eða núvirði lágmarksleigugreiðslna leigusamnings sé það lægra.

Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru færðar á gangverði eða núvirði framtíðarleigutekna samkvæmt fyrirbyggjandi leigusamningum sé það lægra. Lóðir og lendur eru endurmetnar á hverjum reikningsskiladegi. Endurmat lóða og lendna er fært á eiginfjárreikning.

e. Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundruðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími rekstrarfjármuna greinist þannig:

Fasteignir	25-50 ár
Hafnarmannvirki	25-40 ár
Veitukerfi	25 ár
Gatnakerfi	25 ár
Vélar, áhöld og tæki	5-10 ár

Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru ekki afskrifaðar.

f. Stofnframlög og eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í félögum og stofnframlög í byggðasamlögum og eigin fyrirtækjum eru færðir á kostnaðarverði, að frádrögnum niðurfærslu vegna virðisrýrnunar. Framlög sveitarfélagsins til byggðasamlaga og ýmissa verkefna teljast hluti kostnaðar vegna viðeigandi málaflökks.

Hlutdeildarfélög eru þau félög sem sveitarfélagið hefur veruleg áhrif á en ekki yfirráð. Veruleg áhrif teljast almennt vera til staðar þegar sveitarfélagið hefur yfir 20% atkvæðahlut í viðkomandi félagi. Hlutdeildarfélag eru færð samkvæmt hlutdeildaraðferð í samanteknum reikningsskilum A og B hluta. Í ársreikningi A hluta er fyrst og fremst verið að draga fram ráðstöfum skatttekna og því er ekki færð hlutdeild í afkomu félaganna og því eru hlutdeildarfélög A hluta færð á kostnaðarverði í A hluta. Í ársreikningi A hluta er fyrst og fremst verið að draga fram ráðstöfum skatttekna og því er ekki færð hlutdeild í afkomu félaga.

g. Langtímakröfur

Langtímakröfur eru færðar til eignar í samræmi við lánskjör. Næsta árs og gjaldfallnar afborganir langtímakrafna eru færðar í efnahagsreikning meðal veltufjármuna.

h. Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs

Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs vegna uppgjörs A-deildar á árinu 2018 var fært til eignar og eru framlag í lífeyrisaukasjóðs gjaldfært á 30 árum en framlag í varúðarsjóð á 20 árum til samræmis við ákvæði reglugerðar nr. 1212/2015.

i. Birgðir

Birgðir af vörum eru metnar á síðasta innkaupsverði.

Skýringar, frh.:

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

j. Önnheimtar tekjur og aðrar kröfur

Önnheimtar tekjur og aðrar kröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign sveitarfélagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðkomandi liðum í efnahagsreikningi.

k. Handbært fé

Sjóðir og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

l. Lífeyrisskuldbinding

Lífeyrisskuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna sveitarfélagsins er færð sem langtímaskuld í efnahagsreikningi á grundvelli tryggingarfræðilegrar úttektar í árslok 2021. Reiknuð breyting á skuldbindingunni á árinu er gjaldfærð í rekstrarreikningi sbr. skýringu 14. Áætlaðar næsta árgreiðslur sveitarfélagsins vegna lífeyrisskuldbindingar eru færðar meðal skammtímaskulda.

m. Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar í efnahagsreikning í árslok eins og lánskjör segja til um. Næsta árs afborganir langtímaskulda eru færðar meðal skammtímaskulda.

n. Ábyrgðir og skuldbindingar utan efnahagsreiknings

Upplýsingar um ábyrgðir og skuldbindingar sveitarfélagsins utan efnahagsreiknings eru birtar í skýringu 18.

o. Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun sveitarfélagsins með viðaukum fyrir árið 2021 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi, sjóðstreymisýfirliti og skýringum. Þrjú viðaukar voru samþykktir við fjárhagsáætlun ársins 2021, sjá skýringu 22.

Skýringar, frh.

4. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig:

	A hluti			A og B hluti		
	Ársreikningur 2021	Áætlun 2021	Ársreikningur 2020	Ársreikningur 2021	Áætlun 2021	Ársreikningur 2020
Útsvar og fasteignaskattar:						
Útsvar	429.564	387.353	389.026	429.564	387.353	389.026
Fasteignaskattur	53.623	43.506	52.631	51.663	41.111	51.201
Lóðarleiga	8.977	8.365	9.053	8.977	8.365	9.053
	492.164	439.224	450.710	490.203	436.829	449.280
Framlög Jöfnunarsjóðs:						
Fasteignaskattsframlag	50.870	46.566	49.513	50.870	46.566	49.513
Útgjalda jöfnunarframlag	107.831	84.279	102.008	107.831	84.279	102.008
Framlög vegna grunnskóla	65.146	68.375	90.026	65.146	68.375	90.026
Vegna málefna fatlaðs fólks	2.750	0	1.050	2.750	0	1.050
Önnur framlög og aftektir	1.963	1.975	1.064	1.963	1.975	1.064
	228.560	201.195	243.660	228.560	201.195	243.660
Skatttekjur samtals	720.724	640.419	694.370	718.764	638.024	692.940
Aðrar tekjur:						
Aðrar tekjur	169.683	163.608	128.943	609.432	536.621	489.911
Rekstrartekjur samtals	890.408	804.027	823.313	1.328.195	1.174.646	1.182.851

5. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	A hluti			A og B hluti		
	Ársreikningur 2021	Áætlun 2021	Ársreikningur 2020	Ársreikningur 2021	Áætlun 2021	Ársreikningur 2020
Laun	479.422	424.356	421.510	664.832	591.643	588.862
Launatengd gjöld	107.521	100.557	98.153	148.993	137.009	136.375
Framlög vegna uppgjörs						
A deildar Brúar lífeyrissjóðs	578	578	578	578	578	578
Annar starfsmannakostnaður	6.265	3.666	7.103	6.356	3.740	7.541
Laun og launatengd gjöld samtals	593.786	529.157	527.344	820.760	732.970	733.356
					2021	2020
Fjöldi starfsmanna í árslok					91	89
Fjöldi stöðugilda í árslok					87	78
Ársverk					91	82
Laun og launatengd gjöld sveitarstjóra og sveitarstjórnar					27.157	38.270

Skýringar, frh.:

6. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

	A hluti			A og B hluti		
	Ársreikningur 2021	Áætlun 2021	Ársreikningur 2020	Ársreikningur 2021	Áætlun 2021	Ársreikningur 2020
Vaxtatekjur og verðbætur	1.026	3.572	1.140	1.026	3.572	1.140
Arður af eignum	5.651	6.000	5.209	5.651	6.000	5.209
Vaxtagjöld og verðbætur	(22.380)	(20.284)	(16.650)	(52.610)	(46.420)	(38.960)
Vextir frá eigin fyrirtækjum	6.327	4.616	5.528	0	0	0
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) samtals	(9.376)	(6.096)	(4.773)	(45.933)	(36.848)	(32.611)

7. Heildaryfirlit um rekstur

Rekstur málaflokka, stofnana og fyrirtækja sveitarfélagsins greinist þannig. Í yfirlitinu eru birtar upplýsingar um rekstrartekjur að frádregnum rekstrargjöldum viðkomandi rekstrareininga.

	Ársreikningur 2021	Áætlun 2021	Ársreikningur 2020
Aðalsjóður:			
Skatttekjur	731.894	657.832	705.417
Félagsþjónusta	(43.058)	(34.229)	(36.022)
Heilbrigðismál	(39.733)	0	(110.279)
Fræðslu- og uppeldismál	(460.781)	(432.977)	(427.963)
Menningarmál	(22.296)	(23.765)	(22.062)
Æskulýðs- og íþróttamál	(117.773)	(108.857)	(95.540)
Brunamál og almannavarnir	(36.373)	(30.761)	(30.220)
Hreinlætismál	(6.503)	(5.605)	(6.645)
Skipulags- og byggingarmál	(19.480)	(14.939)	(17.223)
Umferðar- og samgöngumál	(40.243)	(41.155)	(39.717)
Umhverfismál	(47.234)	(39.254)	(36.519)
Atvinnumál	(2.411)	(1.925)	(4.403)
Sameiginlegur kostnaður	(82.594)	(88.652)	(92.407)
Lífeyrisskuldbinding, breyting og framlög til A deildar Brúar lífeyrissjóðs	(9.946)	(3.772)	(7.154)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	30.507	21.398	25.597
Aðalsjóður samtals	(166.024)	(146.660)	(195.140)
A hluta stofnanir:			
Eignasjóður	65.518	76.920	10.322
Þjónustumiðstöð	(14.084)	(15.828)	(12.511)
A hluti samtals	(114.590)	(85.568)	(197.329)
B hluta fyrirtæki:			
Hafnarsjóður	73.155	54.291	59.269
Vatnsveita	5.387	7.670	7.942
Fráveita	(3.256)	(1.734)	(2.127)
Félagslegar íbúðir	10.147	15.644	(4.037)
Íbúðir aldraðra	7.577	6.232	6.660
Lyfsala	(9.520)	(4.951)	(255)
Sundabúð	0	(51.484)	54.308
Arnarvatn ehf.	0	0	0
Innri færslur	(1.185)	0	8.679
A og B hluti	(32.284)	(59.900)	(66.889)

Skýringar, frh.:

8. Varanlegir rekstrarfjármunir

a. Bókfært verð

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Fasteignir og lóðir	Gatnakerfi	Vélar, áhöld og tæki	Samtals
A hluti:				
Heildarverð 1.1.2021.....	1.524.810	228.525	88.266	1.841.601
Endurmat lóða og lendna	28.522	0	0	28.522
Keypt á árinu	44.812	0	18.593	63.405
Selt á árinu	0	0	(1.412)	(1.412)
Heildarverð 31.12.2021.....	1.598.144	228.525	105.447	1.932.116
Afskrifað 1.1.2021.....	(688.106)	(87.406)	(69.819)	(845.331)
Afskrift færð út	0	0	1.271	1.271
Afskrifað á árinu	(26.186)	(9.141)	(4.171)	(39.497)
Afskrifað samtals 31.12.2021.....	(714.292)	(96.547)	(72.719)	(883.558)
Bókfært verð 1.1.2021.....	836.704	141.119	18.447	996.270
Bókfært verð 31.12.2021.....	883.852	131.978	32.728	1.048.558
Afskriftarhlutföll.....	0-4%	4%	10-20%	
	Fasteignir og lóðir	Veitur, hafnir og gatnakerfi	Vélar, áhöld og tæki	Samtals
A og B hluti:				
Heildarverð 1.1.2021.....	1.873.501	874.317	94.310	2.842.128
Endurmat lóða og lendna	28.522	0	0	28.522
Keypt á árinu	59.524	14.176	18.593	92.293
Selt á árinu.....	(24.913)	0	(1.412)	(26.325)
Heildarverð 31.12.2021.....	1.936.634	888.493	111.491	2.936.618
Afskrifað 1.1.2021.....	(793.343)	(388.848)	(74.206)	(1.256.396)
Afskrift færð út	18.324	0	1.271	19.595
Afskrifað á árinu	(32.300)	(24.249)	(4.521)	(61.071)
Afskrifað samtals 31.12.2021.....	(807.319)	(413.097)	(77.457)	(1.297.872)
Bókfært verð 1.1.2021.....	1.080.159	485.469	20.104	1.585.732
Bókfært verð 31.12.2021.....	1.129.315	475.396	34.034	1.638.745
Afskriftarhlutföll	0-4%	2,5-4%	10-20%	

Lóðir og lendur

Lóðir og lendur sveitarfélagsins sem það hefur leigutekjur af voru endurmetnar í árslok 2021 til samræmis við álit reikningssskilaneftndar sveitarfélaga nr. 2/2010 þar sem breyting gangvirðis var yfir 5%.

b. Fjárfesting

Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum á árinu sundurliðast þannig:

	Fjárfesting 2021	Áætlun með viðaukum 2021	Mismunur við áætlun
A hluti:			
Eignasjóður.....	59.475	74.380	(14.905)
Þjónustumiðstöð.....	3.929	2.000	1.929
